

**Nd. 546. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [179. mál]**

í málinu: Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá Sigurvin Einarssyni og Gísla Guðmundssyni.

Jafnframt því sem það er að dómi deildarinnar æskilegt, að vegamálastjórnin láti, svo fljótt sem unnt er, gera áætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins samkvæmt vegalögum á allt að 10 árum og fjáröflun til hennar, telur deildin ekki tímabært í því árferði, sem nú er, að samþykkja hækkun umferðarskatta að svo stöddu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.